

Upphaf nýs skólaárs haustið 2010

Ágætu foreldrar og forráðamenn,

með þessu fréttabréfi vill Borgarholtsskóli kynna ykkur skólastarfið. Það auðveldar ykkur að styðja nemendur, yngri sem eldri, í krefjandi umhverfi. Áfangakerfið er flókið og skólinn gerir strangar náms- og mætingakröfur. Nemendur á fyrsta ári þurfa sérstaklega á stuðningi aðstandenda að halda.



Í haust var aðsókn að skólanum og þrýstingur á inntöku nemenda meiri en nokkru sinni. Hér hófu yfir 1200 nemendur nám í dagskóla. Það er sá fjöldi sem hægt er að taka við og reyndar rúmlega það. Starfsemi haustannar hófst 17. ágúst með afhendingu stundaskráa eldri nemenda. Þann 19. ágúst var tekið á mótí nýjum nemendum, starfsemi skólans kynnt og þeir fengu sínar stundaskrár afhentar. Kennsla hófst mánudaginn 23. ágúst.

Á síðustu önnum hefur skólinn gert átak til að bæta mætingu nemenda því reynslan sýnir að mikil fylgni er milli skólasóknar og námsárangurs. Fjölmargar kannanir hafa einnig sýnt að því betur sem fylgst er með skólagöngu unglínganna þeim mun betur vegnar þeim í öllu skólastarfi. Stuðningur foreldra og aðstandenda á þessu sviði er því sérstaklega mikilvægur.


Á heimasíðu skólans er að finna sitthvað um skólann. Þar er tengill inn á Innu, kerfi sem geymir allar upplýsingar um nemendur m.a. einkunnir og skólasókn. Foreldrar eiga að hafa fengið sent aðgangsorð að Innu og nemendur fengu sín aðgangsorð í byrjun annar. Nemendur hafa námsáætlanir í öllum áföngum. Finna má námsáætlanir með leitarvél á heimasíðunni og inni í áföngum á Moodle. Sömu aðgangsorð gilda á Moodle og að Innu.

Við leggjum áherslu á öflugt umsjónarkerfi. Nýnemar hitta umsjónarkennarann sinn vikulega. Hann er jafnframt tengiliður foreldra við skólann. Námsráðgjafar og forvarnafulltrúar geta einnig orðið að liði ef vandamál koma upp. Þann 13. október á miðannarmatið að vera komið í Innu. Ég hvet ykkur til að líta á matsniðurstöður unglíngsins ykkar.

Nemendafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum í vetur. Þátttaka nemenda og framkoma er langoftast til sóma. Árið 2008 ávann Borgarholtsskóli sér Grænfánann sem er alþjóðlegt tákni um vistvænt starf. Viðurkenningin byggir m.a. á góðri umgengni. Ég bið ykkur foreldra því hvetja börn ykkar til að sýna skólanum og umhverfi hans virðingu og ganga vel um.

Guðmundur Guðlaugsson, aðstoðarskólameistari

INNA er lykillinn að skráningarkerfi skólans



Úr Innu. Mjög auðvelt er að fylgjast með námsferli nemenda og mætingum.

Í skráningarkerfi skólans, Innu, er haldið utan um námsferil, námsmat og viðveru nemenda. Inna er vefkerfi og er slóðin: <http://www.nemendur.inna.is>. Við teljum mikilvægt að nemendur noti þennan aðgang að upplýsingum og séu meðvitaðir um námsframvindu sína og skólasókn.

Foreldrar/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára fá sérstakan aðgang að Innu. Þeir eiga að hafa fengið notandanafn og lykilorð sent í tölvupósti svo framarlega sem gilt netfang þeirra er skráð í kerfið. Þeir sem ekki hafa fengið aðganginn eru vinsamlegast beðnir að láta skrá eða breyta netfangi sínu með því að senda póst á bhs@bhs.is. Við hvetjum foreldra eindregið til að fylgjast með mætingu og

námsframvindu unglínganna sinna. Einnig er rétt að geta þess að próftafla annarinnar birtist í Innu. **Tengingu að kennslumyndbandi** um notkun Innu hefur verið komið fyrir á heimasíðu skólans. Einnig er hægt að sjá myndbandið með því að smella hér: <http://www.bhs.is/skolinn/frettir/nr/1545>

Miðannarmat

Kennarar í öllum námsgreinum ljúka skráningu miðannarmats í Innu þann 13. október og geta foreldrar/forráðamenn skoðað það þar. Slóðin á Innu er <http://www.nemendur.inna.is>. Einnig er hægt að hringja á skrifstofuna og fá matið sent heim. Nemendur á almennum námsbrautum fá ekki miðannarmat en þeir taka sérstök miðannarpróf og fá niðurstöðu úr

Enkunn:	Merking:	Umsögn:
A	Afar góð ástundun	Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð mjög góðum árangri í áfanganum.
G	Góð ástundun	Ef nemandinn heldur svona áfram getur hann náð nokkuð góðum árangri í áfanganum en gæti gert betur.
V	Vart viðunandi ástundun	Nemandinn þarf að bæta sig til þess að ná viðunandi árangri í áfanganum.
O	Óviðunandi ástundun	Nemandinn þarf að bæta sig verulega til þess að eiga möguleika á að ná áfanganum.

Við minnum á að matið er óhefðbundið námsmat til hvatningar og leiðbeiningar á miðri önn. Umsögnin er gefin í bókstofunum.

þeim á sérstökum einkunnablöðum. Eins fá nemendur í bíliðnum ekki miðannarmat í þeim áföngum sem kenndir eru í lotum.

Markmiðið með miðannarmatinu er að gefa nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um stöðuna á miðri önn. Matið byggir á frammistöðu nemandans á u.þ.b. sjö fyrstu vikum annarinnar og er **hvorki hefðbundin né endanleg einkunn** heldur mat á **ástundun**, t.d. virkni í tímum, heimavinnu, verkefnaskilum, einkunnum í skyndiprófum og mætingu. Mikilvægt er að nemendur nýti sér matið til hvatningar og leiðbeiningar.

Áríðandi er að nemendur skipuleggi námið vel í samvinnu við foreldra sína og nýti tímann sem eftir er af önninni sem best. Við viljum benda á stoðtíma í einstökum fögum fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með námið og þarfnast aðstoðar. Námsráðgjafar eru jafnframt til staðar og bjóða upp á námskeið sem tengjast prófkvíða, prófaundirbúningi o.fl.

Mætingar og áminning

Í Innu eru upplýsingar um viðveru nemandans. Þar er gerð grein fyrir mætingu bæði í prósentum og tímafjölda. Í prósentutölunum í tveimur öftustu dálkunum má annars vegar sjá viðveruna sem hlutfall af þeim tímum sem þegar hafa verið kenndir (raunmæting) og hins vegar sem hlutfall af heildar tímafjölda á önninni að teknu tilliti til veikinda og leyfa. Seinni prósentutalan stendur því í stað ef ekki bætast við fleiri fjarvistastig, en lækkar ella.

Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára fá senda skriflega áminningu þegar fjarvistir í einum áfanga eru orðnar 10% af heildartímafjölda í faginu. Þá þarf nemandinn að gæta þess að heildarmæting í áfangann fari ekki niður fyrir 85% en gerist það er nemandinn tekinn af lista í áfanganum. Aðeins er send þessi eina áminning og segir hún þá til um það að nemandinn þurfi að gæta að mætingu sinni í alla áfanga það sem eftir er annarinnar.

Ekki má gleyma að þeir sem hafa að lágmarki 95% raunmætingu fá eina einingu fyrir mætingu.

Veikindi og fjarvistaskráning

Tilkynna þarf um veikindi nemenda milli kl. 8 og 10 í **síma 535 1717** þá daga sem veikindin standa yfir. Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára þurfa að sjá um það. Veikindi á prófatíma þarf að tilkynna samdægurs. Ekki er krafist læknisvottorða nema um síendurtekin veikindi sé að ræða. Ekki eru skráð veikindi ef tilkynnt er um þau eftir kl. 10 að morgni eða síðar.

Mætingastjóri, Anton Már Gylfason, hefur umsjón með mætingamállum og hafa má samband við hann ef eitthvað bregður út af í mætingu eða viðveruskráningu nemanda. Síminn er 535 1700 og netfangið: anton@bhs.is Viðtalstímar eru auglýstir á heimasíðu skólans, undir tenglinum *Um skólann* og síðan *Starfsmenn*.

Val fyrir vorönn 2011

Valtímabilið stendur frá 20.-27. október. Þá skrá nemendur í Innu þá áfanga sem þeir hyggjast taka á næstu önn. Umsjónarkennarar aðstoða þá við valið. Nemendur staðfesta svo val sitt með undirritun valblaðs á prófsýningardegi þann 17. desember og gildir valblaðið þá sem umsókn um skólavist á næstu önn. Við bendum foreldrum á að þeir geta skoðað val unglingsins síns í Innu, borið það saman við brautarlýsingu þeirrar námsbrautar sem hann er á og finna má á heimasíðu skólans og þannig séð hvernig miðar í náminu. **Við minnum á viðtalstíma kennara og tölvupóst og hvetjum ykkur til að hafa samband ef þörf er á. Síminn er 535 1700 og netföng eru á heimasíðu skólans.**

Frá foreldraráði

Lög um framhaldsskóla frá 2008 gera ráð fyrir að foreldraráð starfi við framhaldsskóla. Hlutverk þess er að *styðja við skólastarf, huga að hagsmunamálum nemenda og efla samstarf foreldra ólögráða nemenda og skólans*. Aðalfundur Foreldraráðs var haldinn þann 12. október s.l. Formaður síðasta árs, Ásgeir Sigurðsson, gaf kost á sér áfram og einnig aðrir stjórnarmenn. Ásgeir er einnig fulltrúi foreldraráðs í skólaráði. Nýtt fólk kom inn í stjórnina sem nú er orðin stór og myndarleg.

Á aðalfundinum var rætt um ýmis mál, t.d. samgöngur, mötuneyti og félagslífið. Það er talsverð breyting þegar unglingar byrja í framhaldsskóla og samtök foreldra jafn sjálfsgöð þar og í grunnskólanum þó hlutverk þeirra sé aðeins annað en þar. Næsti fundur verður boðaður fljótlega og fundarboð sent í tölvupósti og sett á heimasíðuna. Hvetjum alla til að mæta.

Skólasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur



Það sem af er hausti hefur verið mikið líf og fjör á bókasafninu. Bókasafnsfræðingar hafa farið inn í kennslustundir allra hópa í lífsleikni og kynnt starfsemi safnsins fyrir nemendum. Nemendurnir hafa svo komið á safnið, leyst verkefni í Gegni og fundið bækur í hillum. *Gegnir.is* er bókasafnskerfi sem hýsir samskrá íslenskra bókasafna. Kerfið veitir aðgang að upplýsingum um safnkost flestra bókasafna landsins. Hægt er að sjá hvað er til á

söfnumlandsins og hvað er í láni eða í hillu. Þessar kynningar brjóta ísinn fyrir marga og nemendur eru duglegri að koma á safnið eftir slíkar kynningar.

Bókasafnið er opið frá 8:00 á morgnana til 16:30, mánudaga til fimmtudaga, en lokar kl. 15:00 á föstudögum. Heimasíða bókasafns er <http://bhs.is/bokasafn/>. Þar má m.a. finna gagnlegar upplýsingar um safnið, gagnasöfn og rafræn tímarit og hvernig best er að bera sig að við upplýsingaleit, ritgerðasmíð og heimildanotkun.

Við hvetjum foreldra til að benda börnum sínum á að nota tímann vel þegar eru göt í stundaskrá og læra á safninu. Í „þöglu“ herberginu á að vera gott næði til að einbeita sér að lærdómnum. Einnig er hægt að vinna við hópvinnumborð, gera skólaverkefni í tölvum safnsins eða nýta sér lesbása við glugga með eitt fallegasta útsýni borgarinnar.

Á safninu er gott úrval efnis sem nýtist bæði í námi og til afþreyingar. Við erum með bækur og tímarit en einnig ljóðadiska, tónlist, fræðslumyndir og kvikmyndir. Í skólanum hafa nemendur einnig aðgang að veforðabókunum *Snara.is* og *Ordabok.is*. Það má því með sanni segja að safnið sé lifandi upplýsingamiðstöð þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Náms- og starfsráðgjöf

Markmið ráðgjafarinnar er að veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast námi þeirra, náms- og starfsvali og persónulegum högum. Þá veita náms- og starfsráðgjafar foreldrum, kennurum og öðru samstarfsfólki ráðgjöf í málum einstakra nemenda. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn trúnaði við skjólstæðinga sína. Innan skólans er hann trúnaðarmaður og málsvari nemenda.



Hvers vegna að leita til náms- og starfsráðgjafa?

Marga vantar aðstoð við ýmis hagnýt atriði sem lúta að náminu. Nemendur geta t.d. fengið ráðgjöf við að skipuleggja nám sitt og stuðning til að geta stundað það. Mál sem náms- og starfsráðgjafar vinna með eru fjölbreytt og eru helstu málaflokkar eftirfarandi:

- Ráðgjöf í námi, s.s. skipulagning tíma, áætlanagerð og námstækni.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval, s.s. miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum.
- Ráðgjöf og stuðningur vegna persónulegra mála, s.s. vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.

Námskeið á næstunni:

Vinnubrögð/Námstækni

- Námsækninámskeið hefst föstudaginn 15. október kl. 8:30-9:30 og verður þrjá næstu föstudaga á eftir. Námskeiðið er haldið í stofu 309. Skráning á agusta@bhs.is
- Prófkvíðanámskeið hefst föstudaginn 12. nóvember kl. 8:30-9:30 og verður tvo næstu föstudaga á eftir. Námskeiðið er haldið í stofu 309. Skráning á agusta@bhs.is

Dyslexíuráðgjöf

Í samskiptum við lesblinda nemendur hefur Borgarholtsskóli eftirfarandi tilvitnun úr aðalnámskrá að leiðarljósi: „Í framhaldsskólum skal einskis látið ófreistað til að koma til móts við nemendur sem eiga við lestrarörðugleika að stríða af einhverju tagi“. Það er stefna skólans að kennarar og annað starfsfólk sýni lesblindum nemendum skilning, tillitssemi og veiti þeim eins og aðstæður leyfa persónulegan og námslegan stuðning.

Dyslexíuráðgjafi

Í Borgarholtsskóla starfar dyslexíuráðgjafi. Hlutverk hans er m.a. að:

- veita lesblindum nemendum persónulegan stuðning sem hjálpar þeim að byggja upp jákvæða sjálfsmynd
- kanna lestrarhæfni nemenda (hópróf á hverri önn)
- upplýsa nemendur um stuðning sem þeir geta fengið
- veita nemendum fræðslu og þjálfun í námstækni sem auðveldar þeim námið
- vinna að hagsmunamálum nemenda með dyslexíu
- aðstoða nemendur að komast í einstaklingsgreiningu
- nemendur fá upplýsingar og þjálfun í stuðningstækni s.s. yfirlestrar og -leiðréttingarforritum, hljóðdiskum, talgervlum.

Dyslexíupróf

Á báðum önnum gefst nemendum sem ekki hafa fengið greiningu á lestrarvanda sínum kostur á að þreyta próf sem metur lestrar- og stafsetningarfærni þeirra. Niðurstöður prófsins gefa vísbendingu um hvort um dyslexíu er að ræða.

NÁM 102

Áfanginn NÁM102 sem er kenndur á haustönn er ætlaður nemendum með dyslexíu. Markmið með áfanganum er að styrkja lestrar- og stafsetningarfærni nemenda og miðla fræðslu um hinar ýmsu hliðar dyslexíu. Í áfanganum er einnig lögð mikil áhersla á námstækni og að gefa nemendum tækifæri til að þroska námstíl sinn.

Viðtalstímar

Upplýsingar um viðtalstíma dyslexíuráðgjafa má finna á auglýsingaskjáum og heimasíðu skólans en einnig panta margir viðtal í netpósti (eirikur@bhs.is).

Frá formanni Nemendafélagsins

Í byrjun þessa skólaárs einbeitti nemendafélagið sér að komu nýnema. Við héldum nýnemakvöld sem var hugsað til þess að nýnemarnir fengju að sjá hverjir það væru sem eru í nemendafélaginu og aðeins hvernig félagslíf skólans er. Þar á eftir kom nýnemadagurinn og nýnemaballið. Nýnemadagur er í raun og veru vígsluathöfn fyrir nýja nemendur í skólanum og einn af eftirminnilegustu dögum framhaldsskólanema. Þemað í ár var trúðar. Þá voru allir eldri nemendur sem sáu um nýnemadaginn klæddir sem trúðar. Við sömdum reglur, stundum kallað boðorð nýnema, og var þar meðal annars sú regla að nýnemar máttu bara labba innan afmarkaðs svæðis og tala með sokkabréfum sem þeir voru með á höndunum. Svo var farið með alla nýnemana niður í Gufunes og gengu þau þar í gegnum ýmsar þrautir. Eftir þetta buðum við öllum nemendunum upp á pulsar og kók. Ballið var sama kvöld og nýnemadagurinn var. Góð aðsókn var á ballið og voru margir spenntir fyrir því að mæta. Ballið heppnaðist vel en þó eru gerðust nokkrir hlutir sem skólinn, nemendafélagið og jafnvel foreldrar ættu að hugsa vel um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir á næstu böllum. Þá er ég að sjálfsögðu að tala um þá ölvun sem við urðum vör við á ballinu og einnig slagsmál. Samt má ekki eyðileggja orðspor nemenda í heild sinni því lang flestir nemendurnir voru almennilegir og án vandræða. En ég vil samt hvetja foreldra til að hafa samband við skólann og koma sér í samband við foreldrasamtök skólans, því að það er staðreynd að ef við viljum koma í veg fyrir svona hluti þá þurfa allir að standa saman, þ.e. skólinn, nemendafélagið og foreldrar. Það þarf svo náttúrulega ekki að minnast á það að allir viðburðir nemendafélagsins eiga að vera vímuefnalausir. Einnig vil ég benda foreldrum á að ekki allir viðburðir sem eru í boði eru á okkar vegum, til dæmis þá heldur Skemmtigarðurinn framhaldsskólámót í litboltastriði (paintball) og við í raun bara auglýsum þessa viðburði, en samt verða fulltrúar frá nemendafélaginu á öllum þessum viðburðum.

Ég vil hvetja alla foreldra til að fá börn sín til að taka þátt í félagslífinu því að sjálfsögðu er allt sem við gerum ætlað þeim. Margt er í boði fyrir nemendur. Verið er að stofna skólahljómsveit fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á hljóðfærum og söng og svo erum við líka með stórt leikfélag fyrir þá sem hafa áhuga á einhverju sem tengist leiklist hvort sem það er að leika, gera búninga, sjá um sviðsmynd, syngja, förðun eða jafnvel sjá um ljós og hljóð. Skólakórinn getur líka bætt við sig fólki. Það sem er á döfinni hjá okkur þessa stundina eru ýmsir litlir viðburðir á borð við Fifa-mót og videokvöld en svo erum við líka með stærri viðburði líkt og annað ball og Djúpu laugina sem við höldum í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi.

Því miður er heimasíða nemendafélagsins ekki virk í augnablikinu og er eini netmiðillinn sem við notum til að koma upplýsingum á framfæri Facebook, þið getið að sjálfsögðu gerst vinir okkar þar og göngum við undir nafninu „Nemendafélag Borgarholtsskóla“. Ég vil hvetja alla foreldra til að hringja ef þá vantar einhverjar upplýsingar eða jafnvel bara til að forvitnast um eitthvað sem tengist nemendafélaginu og er númerið 868-5453. Ég vonast til þess að krakkarnir ykkar eigi ánægjulegt skólaár og að þið getið treyst þeim til að koma á viðburði sem eru á okkar vegum án þess að hafa áhyggjur.

Kær kveðja,
Jón Einar Jóhannsson

„Bestu fréttirnar“:

- Nemendur í Ísl 403 hafa nýlokið við að lesa skáldsöguna *Pegar kóngur kom*. Þeir héldu síðan niður í miðbæ og skoðuðu sögulóðir bókarinnar, gömlu húsin, kirkjugarðinn og staði sem lengi hafa gegnt hlutverki í lífi borgarbúa. Skáldsagan fékk nemendur til að sjá umhverfi sitt og sögu í nýju ljósi.



- Nemendur á lokaári í fjölmiðlataekni á Lista- og fjölmiðlasviði tóku þátt í RIFF Festival TV en þetta er 5 árið sem samvinna er með Borgarholtsskóla og RIFF (Reykjavík International Film Festival). Mynduðu nemendurnir viðburði og gesti hátíðarinnar og afraksturinn er birtur á netinu <http://riff.is/RIFFTV/>. Er það mikill akkur fyrir nemendur BHS að fá að hitta og taka viðtöl við marga af merkustu kvikmyndagerðarmönnum samtíðarinnar. Einu sinni í mánuði taka nemendur upp og senda út á netinu Netleikhúsið sem er í beinni útsendingu frá Útgerðinni, hugmyndahúsi Háskólanna á Granda. Er um flókna útsendingu að ræða þar sem klippt er á milli margra myndavéla. Afraksturinn má sjá á herbergi408.is. Nemendur tóku líka upp stiklu sem Netleikhúsið mun sýna á risaskjá í Berlín þar sem leikverkið Herbergi 408 er tilnefnt til verðlaunanna Prix Europa 2010 í flokki nýmiðla.

Í haust lauk 2 ára alþjólegu verkefni SAMPO sem var samvinnuverkefni Íslands, Eistlands og Finlands og styrkt var af Leonardó starfsmenntunarsjóði Evrópusambandsins. Afraksturinn má sjá á vef verkefnisins <http://sampo.bhs.is/> en einnig var prentuð bók með teiknimyndasögunni og brenndur DVD diskur með öllum kvikum myndum verkefnisins.

Nokkur önnur alþjóðleg verkefni eru styrkt af Leonardó sem listabrautin er þátttakandi í. Tvö stór yfirfærsluverkefni SOFIA og IESTEK eru alþjóðleg samvinnuverkefni skóla, stofnanna og fyrirtækja. Í SOFIA <http://www.idan.is/throunarverkefni/sofia/> var um að ræða nýja aðferðafræði í fjarnámskennslu en í IESTEK er verið að vinna með frumkvöðlafræði. ArtECult III <http://www.artecult.net/> er samvinnuverkefni skóla um alla Evrópu og snýst um nemendaskipti. Á hverri önn fara nemendur BHS til erlendra skóla í 4 vikna dvöl og við tökum svo á móti erlendum nemendum á móti.

- Leiklistarnemendur héldu til London í lok september ásamt kennurum sínum. Þar heimsóttu þeir söfn og leikhús og drógu að sér anda heimsborgarinnar.
- Nemendur í þriðja áfanga í þýsku unnu með tveimur þýskum tónlistarmönnum að lagagerð dagana 11. og 12. október. Þýska var það mál sem talað var og afurðin var nýtt lag sem nemendur sömdu með aðstoð listamannanna. Þetta verkefni er hluti af Pasch-samningi sem Gothestofnunin hefur gert við skólann um þýskukennslu og felur í sér margs konar stuðning við kennslu og námstilboð fyrir nemendur.



Málmiðnadeild býður eins árs nám fyrir nemendur úr 10. bekk grunnskóla, 3 kennslustundir á viku. Nemendur kynnst logsuða, plötusmíði, vélfræði og rafeindatækni. Til að kynna sér nánar innihald námsins er hægt að skoða vefsíðu. Slóðin er http://bhs.is/egill/egill/htm_sidur/grunnskoli.htm. Myndirnar sýna nokkur verkefni.



Logsuða



Rafeindatækni



Vélfræði



Plötusmíði